



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

15. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 19. desember 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðmundur Finnbogason, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri

Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóla

Sigrún Hreiðarsdóttir, deildarstjóri grunnskóla

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Finnbogason.

1. Ritrynd grein um Flæði í Kerhólsskóla

Skólanefnd hvetur alla til að lesa ritrynda grein þeirra Ingibjargar Óskar Sigurðardóttur, Emilíu Lilju Rakelar Gilbertsdóttur og Sigríðar Þorbjörnsdóttur um innleiðingu Flæðis í leikskólastarfi en hún er byggð á rannsóknum þeirra og starfi í Kerhólsskóla. Þeim er óskað til hamingju með viðurkenningarinnar á þessu frumkvöðlastarfi sem fellst í slíkri birtingu og með starfið í heild.

2. Bókun sveitarstjórnar og gjaldskrá.

Í framhaldi af tillögu skólanefndar og umræðum á síðast fundi hefur sveitarstjórn ákveðið að opið verði í fríum í leikskólanum eins og undanfarið. Það verður þó í boði að skrá nemendur í frí og fá niðurfeld leikskólagjöld fyrir þá daga. Þetta á við um jóla, páska og vetrarfrí. Sveitarstjórn ákvað jafnframt að hækka leikskólagjöld um 6% flatt á alla gjaldskrána. Fæði er áfram án gjalds. Leikskólagjöld eru enn með þeim lágstu á landinu. Skoða má skráningu í frí fyrir á önninni t.d. í upphafi annar. Huga þarf að því fyrir næsta skólaár. Skólanefnd hvetur til þess að umræða um barnvænt samfélag og vinnudag leiks og grunnskólabarna fari fram á nýju ári.

3. Hönnun skólalóðar

Skólanefnd fékk það verkefni á síðast fundi að taka saman hugmyndir um leiktæki. Stjórnendur fóru með það verkefni til nemenda og kennara. Eftirfarandi hugmyndir fengu flest atkvæði. Körfuróla, klifurpíramída (köngulóavefur), gagavöllur/pannavöllur og kastali. Mestur samhljómur var um körfurólu og klifurpíramída. Einnig var óskað eftir betra undirlagi fyrir körfuboltavöll og skýli yfir grillsvæði. Einnig var óskað eftir því að á lóðina kæmi lokuð rennibraut. Æskilegt er að kastali ef að slíkt verður valið henti eldri nemendum.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Önnur mál

Gríðarlega mikilvægt er að standa vörð um þá félagslega þjónustu sem að skólasamfélagið fær. Sú þjónusta skiptir miklu máli, ekki hvað síst fyrir nemendur og fjölskyldur sem þurfa á slíku að halda. Samfella í slíkri þjónustu er lykilatriði og einnig þétt samstarf milli fagaðila innan og utan skólasamfélagsins. Skólastjórnendur eru afar ánægðir með sálfræðing skólaþjónustunnar. Mikilvægt er að fylgja vel eftir þeirri uppbyggingu sem stendur yfir í skólaþjónustu Árneshings með stuðningi frá sveitarstjórnnum sem að verkefninu standa.

5. Næsti fundur skólanefndar er 23. Janúar klukkan 14:15

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 15:30